
George Friedrich Händel og „Messías"

Tónlist barrokktimabilsins nær hátindi sínum í verkum Bachs og Händels, sem báðir voru fæddir í Þýskalandi árið 1685. Formskyn þeirra tveggja, kunnátta, snilli og afköst voru slík, að vart verður til þess jafnað í allri sögu tónlistarinnar fyrr né síðar. Leiðir þeirra lágu aldrei saman, svo að vitað sé, og gerði Bach sér þó mikið far um að ná fundi Händels. Johann Sebastian Bach var kominn af fjölmennri ætt tónlistarmanna, þar sem tónlistargáfa og iðkun tónlistar var arfgeng í marga ættliði. Á bernskuheimili Georgs Friedrich Händels í Halle í Saxlandi var tónlist nánast bannorð, og sagan segir, að móðursystir drengsins hafi komið litlu klavikordi inn í húsið, þar sem litli Händel æfði sig á laun, meðan faðir hans, rakarinn og skurðlæknirinn var á ferðalögum að sinna störfum sínum. Fyrir atbeina hertogans í Weissenfels, sem veitti tónlistargáfu drengsins athygli, var honum komið til náms hjá orgelleikaranum við Frúarkirkju í Halle, Zachow að nafni, fjölhæfum og vel menntuðum gáfumanni, sem veitti honum staðgóða tilsögn í hljóðfæraleik og tónsmíðum. Ellefu ára að aldri dvaldist hann um hríð í Berlín og vakti undrun og aðdáun við hirðina með leikni sinni og kunnáttu. En 18 ára gamall hleypti hann heimdraganum og fór fyrst til Hamborgar, þar sem hann vann fyrir sér með hljóðfæraleik og kennslu í 2 ár, en hélt þá til Ítalíu, sem um þær mundir var nær alls ráðandi um stíl og tónlistarsmekk Evrópu. Þekking Händels, ásamt meðfæddri snilld og dirfsku opnuðu honum allar dyr meðal auðugasta fyrirfólks og listfrömuða á Ítalíu. Hann dvaldist ýmist hjá furstum og þjóðhöfðingjum eða æðstu prelátum kirkjunnar, og verkum hans var tekið með kostum og kynjum í Róm, Napóli, Feneyjum og Flórens. Händel dvaldist á Ítalíu í nærri 4 ár og svalg í sig ítölsk áhrif, sem mótuðu líf hans og hvarvetna gætir síðan í verkum hans.

Árið 1710 lagði Händel fyrst leið sína til London, þar sem hann settist að fyrir fullt og allt tveim árum síðar. Hann flutti þar eina af óperum sínum, Rinaldo, og um leið var nafn Händels á allra vörum í borginni. Því næst gekk hann í þjónustu Georgs Ludwigs kjörfursta í Hanover, sem síðar varð Georg I., konungur Englands, árið 1714. Händel hafði fengið stutt leyfi frá störfum sínum við hirðina í Hanover árið 1712, í því skyni að flytja fleiri af verkum sínum í London, en hann sneri aldrei aftur til Hanover. London varð aðsetur hans uppfrá því að undanskildum stuttum ferðum til Þýskalands og Ítalíu. Hann var tónlistarkennari hirðarinnar og hirðtónskáld og dáður og eftirsóttur gestur í samkvæmum aðalsins.



Pólifónkórinn á æfingu.

Freistandi væri að halda áfram samanburði á ævi, störfum og list Bachs og Händels. Bach var hinn hógværi og hljóðláti, sístarfandi orgelleikari, kantor og kennari, sem samdi verk sín til flutnings við helgiathafnir kirkjunnar, Guði til dýrðar. Kringum Händel var eilíft veraldarvafstur. Hann var kappsfullur og metnaðargjarn, gæddur óbilandi sjálfstrausti, en bar á sér snið hins lífsreynda, menntaða og fágaða heimsborgara.

Fyrstu 30 ár sín í Bretlandi helgaði Händel að mestu óperusmíð og frumflutti oftast a.m.k. eina nýja óperu á hverju ári. Hann bjó um skeið hjá lávarðinum af Burlington í hinni glæstu höll hans, sem var athvarf listamanna, eins konar Unuhús Lundúna í þá daga, einnig hjá hertoganum af Chandos á íburðarmiklu sveitasetri hans í Edgeware, þar sem hann samdi og frumflutti nokkur tónverka sinna. Hann var í nánum tenslum við konungshirðina, og Georg I. var tíður gestur í óperunni ásamt fylgdarliði sínu. Händel var einn af frumkvöðlum Royal Academie of Music, sem upphaflega var komið á fót til að hefja óperuna til vegs og virðingar, en ekki til kennslu í tónlist, eins og síðar varð. Óperur sínar samdi Händel við ítalska texta, misjafna að gæðum, og réð til sín helstu söngvara Ítalíu fyrir of fjár, enda var óperuflutningur hvergi annars staðar með slíkum glæsibrag um hans daga.

Händel var gæddur fjölþættum — universal — gáfum, hann var snjall framkvæmda og fjármálamaður, og yfir list hans var still heimslistar af hæstu gráðu, yfir fasi hans fágaður heimsbragur. Stundum er því haldið fram, að slíkt fari sjaldan saman í fari alvarlegs, skapandi listamanns. En sagan hefur þó margsýnt, að frábærir tónlistarhæfileikar eru oftast samfara miklum almennum gáfum á mörgum sviðum. Umfram flest tónskáld sögunnar jós Händel alla ævi af ótæmandi uppsprettu lagrænnar fegurðar og fjölbreytni. Á þann hátt, sem honum einum var laginn, kemst Händel oftast beinustu leið að kjarnanum. Tónsnillingar seinni tíma virtu hann og dáðu.Beethoven sagði um hann: „Þarna er sannleikurinn" — og — „Enginn annar hefur getað sagt það stórkostlega á jafn einfaldan og sannfærandi hátt".

Händel tileinkaði sér það besta í list og fari þriggja þjóða og af því spratt listsköpun, sem ekki á sér neina hliðstæðu í sögunni. Sagt er, að Bach hafi eitt sinn verið spurður um, hver væri undirrót listar hans og snilldar. Svarið var stutt: „Ég vann mikið". En raunar hefði Händel getað svarað spurningunni á sama hátt. Skapferli Händels var mótað af ströngu uppeldi í bernsku, þar sem heiðarleiki, nákvæmni og réttsýni voru formúla allra mannlegra viðskipta.

Á háskólaárum sínum í Halle í Þýskalandi kynntist Händel tónskáldinu G.P. Telemann, og síðar D. Buxtehude í Lübeck, einnig R. Keiser, stjórnanda Hamborgaróperunnar, sem var eitt helsta óperutónskáld þess tíma, og söngvaranum og tónskáldinu Mattheson, sem varð náinn vinur hans.

Tvítugur að aldri heillast Händel af list og fegurð Ítalíu. Hann kynnist fremstu ítölskum tónlistarmönnum og tónskáldunum Corelli og feðgunum Scarlatti. Tónmál Händels var alla tíð síðan með ítölsku ívafi, sem þó var samofið þýskum uppruna hans og enskum áhrifum. Purcell var dáinn 15 árum áður en Händel kom til Bretlands, en áhrifa hans gætti engu að síður.

Händel varð breskur þegn árið 1726. Á fyrstu Lundúnaárunum voru óperur Händels fluttar í Kings Theatre í Haymarket, sem þá var undir stjórn Aarons Hill. Eftir að Royal Academie var lokað vegna fjárskorts, tók Händel upp samvinnu við svisslendinginn Heidegger um rekstur Kings Theatre, þar sem óperur Händels voru frumfluttar hver af annarri um 8 ára skeið. En samkeppnin var hörð, og velgengni Händels og snilli vakti öfund, sem brátt fékk útrás í ofsóknum óvina. Rekstur óperuhúsanna gekk verr með hverju árinu og bæði Kings Theatre og Covent Garden Theatre, sem síðar varð hið konunglega óperuhús Lundúna var lokað, vegna skulda. Händel hafði gefið heiminum margar dýrmætar perlur og barist harðri baráttu en tapað aleigu sinni. Heilsu hans hrakaði, og hann fór einförum. Hnignandi gengi óperunnar, sem flutt var á ítölsku máli, sem fæstir skildu, olli því að Händel fór að hugleiða annað tónlistarform — oratoríu, — leikhúsverk, sem fjallaði um atburði úr Bíblíunni með enskum texta. Að formi til er óratorían þó náskyld óperunni og fjallar oftast um dramatískt efni en án leiks eða sviðsbúnaðar. Oftast skiptast hlutverk milli nokkurra sögupersóna, sem flytja söguþráðinn í resitatívum og aríum, en inn á milli syngur kór, sem venjulega táknar múginn í eins konar hópsenum. Ásamt passíum Bachs eru óratoríur Händels hápunktur þessa tónlistarforms. Händel hafði þegar samið nokkrar óratoríur, sem fluttar voru við ákveðin tækifæri, t.d. í Oxford 1733. En árið 1741, þegar Händel var snauður að fé og hylli og heilsa hans á þrotum, svo sem heimurinn hefði snúið baki við honum, samdi hann mesta snilldarverk sitt, óratoríuna Messías. Auðugur uppskafningur Charles Jennens að nafni, sendi honum handrit, sem reyndist vera vandlega valdar ritningargreinar, að mestu úr Gamla testamentinu, en fjölluðu allar um „Messías", — „hinn smurða" — frelsara mannkynsins.

Þjáður, vonsvikinn og yfirgefinn hafði Händel dregið sig út úr öllu veraldarvafstri og einangrað sig í húsi sínu í Brook Street. Það var sem vitund hans hæfist á æðra tilverustig, hann gleymdi stund og stað, líkast og knúinn áfram af yfirnáttúrlegu afli. Hann vék ekki burtu úr húsinu í 24 daga, en á þeim tíma hafði hann lokið verkinu. Það var sem hann lifði í öðrum heimi, hann gleymdi

Framhald á 22. síðu.

Tjáning í leir

Sýning Steinunnar opnuð um páska

Eftir margra ára hlé frá sýningaþátttöku opnar Steinunn Marteinsdóttir leirkerasmiður fyrstu einkasýningu sína að Kjarvalsstöðum á laugardaginn kemur 29. mars, og sýnir þar yfir 400 verk, flest frá síðustu tveim til þrem árum, en einnig nokkur eldri.

Á árunum 1960—66 tók Steinunn oft þátt í samsýningum innan lands og utan, en sneri sér síðan mestmegnis að kennslu um sex ára skeið og rak fjölmenn námskeið í leirkerasmíði fyrir almenning. Þrjú verk á listsýningu kvenna í Norræna húsinu fyrir skemmstu gáfu vísbendingu um þær breytingar í tjáningu og efnismeðferð, sem orðið hafa hjá Steinunni á þessum árum, en þó munu sennilega vekja enn meiri athygli veggmyndir sem hún sýnir á sýningunni á Kjarvalsstöðum, þar sem leirinn er notaður á næsta óvenjulegan máta.

Sýningin verður opin frá 29. mars til 13. apríl.

vh



Steinunn Marteinsdóttir við tvö verka sinna.